

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 19. janúar 2026

Mál nr. S-57/2025:

## Lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra

(Halldór Tumi Ólason saksóknarfulltrúi)

gegn

### Þóri Steinssyni og

(Júlí Ósk Antonsdóttir lögmaður)

### Árna Páli Jóhannessyni

(Friðrik Smáráson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 25. nóvember 2025, var höfðað með tveimur ákærum lögrelustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 27. janúar 2025 á hendur Þóri Steinssyni, kt. [...], [...] og Árna Páli Jóhannessyni, kt. [...], [...]. Ákæran 23. janúar 2025 varðar ákærða Þóri einan:

„fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 29. janúar 2023, í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn, ráðist gegn A, kt. [...], með því að taka um háls hennar og ýtt henni það fast að hún skall á hurðarkarminn á útidyrhurðinni á félagsheimilinu og síðar sömu nótt, þegar brotþoli ætlaði að tala við ákærða um þá áverka sem hún hlaut af fyrri atlögunni tekið hana aftur hálstaki og skellt henni í gólfið. Afleiðingar þessa fyrir brotþola var að hún hlaut 15x10 mm Y-laga skurð á höfuð og eymsli í kringum skurðinn, væg þreifieymsli yfir barkakýli, væg þreifieymsli yfir hálsliðum 3-6, væg þreifieymsli yfir brjóstliðum 3-8, væg þreifieymsli yfir ytri enda viðbeins og eymsli í herðablaði.“

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði Þórir verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærunni fylgdi einkaréttarkrafa A, kt. [...], [...] að fjárhæð 600.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 29. janúar 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa er kynnt ákærða en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til

greiðsludags. Að auki er krafist lögmannsþóknunar úr hendi ákærða brotþola að skaðlausu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti.

Ákæran 27. janúar 2025 varðar báða ákærðu og eftirtaldar líkamsárásir fyrir utan félagsheimilið Þórsver á Þórshöfn aðfaranótt 29. janúar 2023, þar sem verið var að halda þorablót:

1. „Ákærði Þórir er ákærður fyrir að ráðast á ákærða Árna Pál sem starfaði sem dyravörður á nefndu þorablóti og var að hafa afskipti af honum og vísa honum út úr húsinu, með því að skalla hann fyrst í andlitið og síðan lemja hann með krepptum hnefa í andlitið. Afleiðing þessa fyrir Árna Pál var sú að hann hlaut sár og bólgu á efri vör og eymsli vinstra megin í andliti.
2. Ákærði Árni Páll er ákærður fyrir að hafa, eftir að hann varð fyrir árásinni sem fjallað er um hér að ofan, hlaupið á eftir ákærða Þóri og tæklað hann í jörðina og lagst ofan á hann og haldið honum þar til lögregla kom og handtók hann. Afleiðing þessa fyrir Þóri var sú að hann fór úr axlarlið.“

Bæði þessi brot eru talin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu gerir ákærði Þórir bótakröfu á hendur ákærða Árna Páli að fjárhæð 3.138.950 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu frá 29. janúar 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa er kynnt ákærða en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda ákærða Árna Páls vegna varanlegs miska og varanlegrar örorku ákærða Þóris. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti.

#### *Kröfur ákærðu.*

Ákærðu krefjast báðir sýknu af kröfum ákæruvaldsins og að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu. Til vara krefjast ákærðu þess að þeim verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Ákærðu krefjast

Þess aðallega að einkaréttarkröfum verði vísað frá dómi en til vara krefjast ákærðu sýknu af þeim. Til þrautavara er þess krafist að kröfurnar sæti verulegri lækkun.

#### *Málavextir.*

Laugardagskvöldið 28. janúar 2023 var haldið þorralót í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn í Langanesbyggð. Ákærði Árni Páll gegndi starfi dyravarðar á blótinu en ákærði Þórir sótti það ásamt kærustu sinni, vitninu B, en hann hugðist sýna henni heimabæ sinn og kynna hana fyrir vinum og ættingjum. Skemmst er frá því að segja að til illdeilna kom á milli ákærða Þóris annars vegar en hins vegar konu úr þorpinu og frænku hennar, brotapolans A. Liggur m.a. fyrir að sú fyrrnefnda varpaði glerglasi í andlit ákærða Þóris samtímis því sem hún mun hafa hrópað: „Þetta er minn bær!“ Fjallað er um líkamsárás konunnar í garð ákærða Þóris í öðru máli sem rekið hefur verið fyrir dómstólnum.

Lögregla hafði eftirlit með framkvæmd blótsins úr lögreglubifreið sem var staðsett á móti félagsheimilinu. Samkvæmt lögregluskýrslu sáu lögreglumennirnir ákærða Árna Pál yta ákærða Þóri á undan sér út úr félagsheimilinu áður en ákærði Þórir skallaði ákærða Árna Pál og lamdi hann með krepptum hnefa í andlitið. Þá sáu lögreglumennirnir ákærða Árna Pál fara á eftir ákærða Þóri og tækla hann í jörðina. Á þessum tímapunkti óku lögreglumenn að ákærðu, færðu ákærða Þóri í aftursæti lögreglubifreiðarinnar og ræddu við ákærða Árna Pál. Náðust atvik að hluta á myndband með Eyewitness-búnaði bifreiðarinnar. Var ákærði Þórir fluttur til Akureyrar um nóttina með sjúkrabifreið.

#### *Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.*

Ákærði Þórir segir svo frá atvikum að hann hafi ætlað að sýna kærustu sinni, vitninu B, heimabæ sinn, Þórshöfn, á téðu þorralóti. Kvöldið hafi farið vel af stað en á ákveðnum tímapunkti hafi nafngreind kona gengið greiðlega að vitninu B og „axlað“ hana. Aðspurður [...]. Konan hafi veist að honum og kærustu hans ítrekað um kvöldið með höggum og spörkum og hafi dyraverðir ekkert aðhafst af því tilefni. Þá hafi frænka konunnar, þ.e. brotapolinn A, einnig skorist í leikinn og gert hróp að ákærða Þóri og kærustu hans.

Um ástand sitt sagðist ákærði Þórir hafa drukkið „aðeins“ af áfengi í borðhaldinu en hann hafi ekki fundið mikið á sér. Hann hafi hætt drykkju á ballinu vegna þessara leiðinda. Á einhverjum tímapunkti hafi ákærði Þórir staðið í anddyri félagsheimilisins og

brotapolinn A leitast við að eiga orðaskipti við hann. Ákærði Þórir hafi óttast að hún hefði ætlað að ráðast á kærustu sína og hafi hann þá ýtt við brotþola A með annarri hendi. Hún hafi verið það ölvuð að hún hafi dottið „um sjálfa sig“. Síðara atvikið sem greint sé frá í ákæru sé hins vegar tilbúningur. Ákærði Árni Páll hafi um þetta leyti vísað ákærða af ballinu.

Ákærða Þóri hafi hins vegar verið hleypt aftur inn og hann verið að spjalla við fólk fyrir utan þegar fyrrnefnd kona hafi komið aðvífandi og kastað glerglasi í andlit hans. Ákærði hafi þurft að leita á heilsugæslu og fengið sauma en hafi ásamt kærustu sinni ákveðið að fara aftur á þorablótið á þeim grundvelli að konunni og brotþolanum A hefði verið vísað af því. Þær hafi hins vegar reynst vera enn á ballinu, haldið uppteknum hætti og veist að ákærða Þóri og kærustu hans með ýmsum hætti. Ákærði Þórir hafi þá leitað til ákærða Árna Páls og óskað eftir upplýsingum um það hvers vegna ekki væri búið að vísa konunum á dyr. Ákærði Árni Páll hafi svarað því til að allt eins hefði verið rétt að henda ákærða Þóri út. Samskiptum þeirra hafi lyktað með þeim hætti að ákærði Árni Páll hafi gripið í hálstau ákærða Þóris og ákærði Þórir slegið hönd hans frá. Eftir nokkur átök þeirra á milli, þar sem ákærði Þórir hafi lítið ráðið við ákærða Árna Pál, sagði sá fyrrnefndi næst hafa gerst það sem sjáist á upptöku sem spiluð var fyrir dómi.

Til nánari skýringar sagðist ákærði Þórir hafa reynt að skalla ákærða Árna Pál bæði inni í félagsheimilinu og fyrir utan það. Hafi hann verið hræddur um að ákærði Árni Páll myndi kasta honum niður tröppurnar að félagsheimilinu. Að því búnu hafi ákærði Þórir reynt að flýja frá ákærða Árna Páli en hann komið á eftir, felld sig í jörðina og tekið sig í „löggutak“ á annarri höndinni. Ákærði Þórir hafi sagt ákærða Árna Páli að höndin væri að fara of langt en svo fundið öxlina „snappa“. Lögreglumenn hafi komið aðvífandi og séð að hún væri farin úr lið. Ekki hafi reynst mögulegt að koma öxlinni í lið á heilsugæslunni og hringt hafi verið á sjúkrabíl. Sársaukinn hafi ágerst og í sex tíma bílferð til Akureyrar hafi ákærða Þóri verið gefið morfín. Á Akureyri hafi þrisvar verið reynt að kippa öxlinni í lið en á endanum hafi þurft bæklunarlækni til verksins. Hafi læknirinn ekki verið viss um það hvort öxlin væri komin í lið vegna þess hvað svæðið hafi verið bólgið. Ákærði Þórir kveðst enn finna fyrir afleiðingum þessa við íþróttaiðkun og vinnu sína.

Í skýrslu ákærða Árna Páls kom fram að hann hafi mætt til vinnu sinnar sem dyravörður á þorablóttinu á miðnætti. Þá hafi hann heyrt að undir borðhaldinu hafi verið

„léttar stimpingar“ á milli ákærða Þóris og kvennanna tveggja en ákveðið hafi verið að sjá hvernig mál myndu þróast. Annar dyravörður hafi séð ákærða Þóri slengja höfuð brotaþolans A utan í hurðarkarm og ákveðið hafi verið að henda honum út. Síðar um kvöldið hafi ákærði Árne Páll séð að ákærði Þórir væri kominn aftur inn á ballið. Ákærði Árne Páll hafi verið að ræða við annan gest þegar ákærði Þórir hafi reynt að ná athygli sinni. Hafi ákærði Þórir orðið óþolinmóður og slegið ákærða Árna Pál í öxlina. Að svo búnu hafi ákærði Árne Páll tekið ákærða Þóri og leitt hann út en ákærði Þórir reynt að „stoppa sig í hurðarkörmunum“. Þegar komið hafi verið með ákærða Þóri út á tröppurnar hafi ákærði Árne Páll reynt að hemja hann en það hafi endað með því að ákærði Þórir hafi skallað ákærða Árna Pál og kýlt hann með hægri hendinni. Eftir það hafi ákærði Árne Páll ekki séð annað í stöðunni en að „taka manninn niður“ og kalla til lögreglu. Spurður nánar út í þetta kvaðst ákærði hafa gert þetta í sjálfsvörn og til þess að tryggja öryggi gesta. Ákærði Árne Páll hafi legið ofan á ákærða Þóri og haldið í báðar hendur hans. Stuttu síðar hafi lögregla komið og tekið við ákærða Þóri. Ákærði Árne Páll neitaði því aðspurður að hafa valdið ákærða Þóri tjóni og taldi útilokað að öxl hans hafi farið úr lið við þetta. Ákærði Árne Páll kvaðst ekki hafa lokið námskeiði þar sem farið er yfir atriði sem á reynir við dyravörslu en lögregla hafi samþykkt lista yfir dyraverði vegna þorrablótsins.

Vitnið B, kærasta ákærða Þóris, gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti atvikum að mestu á sama veg og ákærði. Í skýrslu vitnisins kom fram að hún teldi sig hafa séð alla atburðarásina þegar ákærði Árne Páll vísaði ákærða Þóri á dyr í síðara skiptið og sá vitnið engin högg fara á milli þeirra fram að þeim tímapunkti að komið var út fyrir félagsheimilið.

A, brotaþoli í málinu, greindi frá því fyrir dómi að hún hafi verið fyrir utan félagsheimilið á spjalli við vin sinn þegar ákærði Þórir hafi verið á leið inn. Brotaþoli hafi upplifað að ákærða Þóri hafi fundist hún vera fyrir honum. Komið hafi til orðaskipta sem endað hafi með því að ákærði Þórir hafi tekið um háls hennar og skellt höfði hennar í hurðarkarminn. Þegar brotaþoli hafi áttað sig á því að það blæddi úr höfði hennar hafi hún gengið til ákærða Þóris á dansgólfinu, sýnt honum blóðið og sagt honum að þau þyrftu að ræða saman. Við það hafi hann tekið aftur í háls hennar og skellt henni í gólfið. Nánar spurð um aðdragandann að þessu sagði brotaþoli frá því að [...].

Vitnið C gaf skýrslu fyrir dómi og sagðist hafa staðið í anddyri félagsheimilisins og séð ákærða Þóri ræða við annan ballgest. Ákærði Árne Páll hafi þá komið á ferðinni

„á blindu hliðina“ hjá ákærða Þóri og keyrt hann með afli niður í gólfið í hornið á anddyrinu. Ákærði Þórir hafi ekki verið ógnandi á þessum tímavarki og upplifi vitnið að ákærði Árne Páll hafi viljað meiða hann. Vitnið sá ekki ganga á milli þeirra högg.

Vitnið D, bróðir brotþola A, sagði í skýrslu sinni að hann hefði séð þegar systur sinni var hrint á dansgólfinu umrætt kvöld. Vitnið hafi hins vegar ekki séð hver hafi verið að verki en honum hafi verið sagt að það hafi verið ákærði Þórir.

Í skýrslu vitnisins E, sem gegndi starfi dyravarðar á þorablótinu ásamt ákærða Árna Páli, kom fram að vitnið hefði séð ákærða Þóri ýta A í hurð. Um þungt högg hafi verið að ræða, hún hafi lent harkalega í hurðinni og blætt hafi úr hnakka hennar. Þá greindi vitnið frá því að síðar um kvöldið hafi hann séð ákærða Þóri ræða við ákærða Árna Pál og kalla hann öllum illum nöfnum. Ákærði Árne Páll hafi orðið reiður og gripið í ákærða Þóri og dregið hann út. Þá hafi ákærði Þórir reist sig við og skallað ákærða Árna Pál. Ákærði Árne Páll hefði brugðist enn verr við þessu, keyrt ákærða Þóri í gólfið og allt hafi farið úr böndunum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð vel það sem gerðist fyrir utan félagshemilið.

Vitnið F gegndi líka starfi dyravarðar á blótinu. Hann skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi séð ákærða Þóri ýta hraustlega við ákærða Árna Páli. Sá síðarnefndi hafi að því búnu gripið í hönd ákærða Þóris og teymt hann fram í anddyrið. Ákærði Þórir hafi verið ósáttur við að vera á leið út úr félagshemilinu og baðað út höndum og fótum í tilraun til að stöðva ferðina. Vitnið hafi þá aðstoðað ákærða Árna Pál með því að taka um hönd og fót ákærða Þóris til að hann hafi passað betur út um dyr sem liggi að miðasölunni, litlu rými við útidyrnar. Ákærði Árne Páll hafi þá verið með hendurnar utan um ákærða Þóri, sem snúið hafi baki í ákærða Árna Pál. Þegar vitnið hafi ætlað að leika sama leik og áður til að ákærði Þórir kæmist út um útidyrnar hafi vitnið C rífið í hálsmál vitnisins og hann dottið aftur fyrir sig. Þegar vitnið hafi reist sig við hafi hann séð ákærða Árna Pál sleppa ákærða Þóri fyrir utan útidyrnar. Þá hafi ákærði Þórir snúið sér við, skallað ákærða Árna Pál og kýlt til hans. Vitnið hafi séð ákærða Árna Pál fara á eftir ákærða Þóri, snúið hann niður og tekið í hendur hans. Lögregla hafi síðan komið að þeim eftir einhverjar sekúndur. Vitnið taldi ákærða Árna Pál ekki hafa misst stjórn á skapi sínu við þessar aðgerðir.

Lögreglumaður [...] sinnti eftirliti með þorablótinu úr lögreglubifreið. Vitnið skýrði m.a. frá því fyrir dómi að hann hafi kveikt á upptöku í lögreglubifreiðinni þar sem honum hafi virst stefna í einhver átök. Vitnið hafi næst séð ákærða Þóri skalla ákærða

Árna Pál í andlitið og kýla hann jafnframt í andlitið. Síðan hafi ákærði Þórir farið niður tröppurnar og ákærði Árni Páll farið á eftir honum og tekið hann niður í jörðina. Vitnið hafi ekki getað fylgst vel með því þar sem hann hafi verið að aka lögreglubifreiðinni í áttina að ákærðu. Ákærði Þórir hafi verið tekinn venjulegum lögreglutökum en hendur hans hafi ekki verið þvingaðar umfram hreyfigetu. Ákærði Þórir hefði því ekki getað slasast í höndum lögreglu.

Lögreglumaður [...], sem kom að því að taka ákærða Þóri lögreglutökum, kom líka fyrir dóminn og taldi ólíklegt að hann hefði getað farið úr axlarlið við þau.

#### *Forsendur og niðurstöður.*

Hvað ákærana 23. janúar 2025 varðar hefur ákærði Þórir gengist við því að hafa ýtt við brotþola A umrætt kvöld. Þá liggur að mati dómsins nægjanlega fyrir að það gerði hann með nægjanlegu afli til þess að hún lenti á hurðarkarmi með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir.

Ákærði Þórir hefur borið fyrir sig að hann hafi óttast að brotþoli A væri í þann mund að ráðast að vitninu B. Hafi háttsemi hans því réttlæst af neyðarvarnarsjónarmiðum. Það er skilyrði beitingar 1. og 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga að háttsemi geranda þarf að fela í sér viðbrögð við ólögmati árás, sbr. t.d. *dóm Hæstaréttar Íslands 18. júní 2025 (mál nr. 3/2025)*. Að áliti dómsins er ekki ástæða til að efast um þá frásögn ákærða Þóris og vitnisins B að þau hafi orðið fyrir margvíslegu líkamlegu ofbeldi frá frænku brotþola A þetta kvöld. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að þeim hafi staðið sambærileg ógn af brotþola. Getur dómurinn með hliðsjón af þessu og gögnum málsins, t.d. framburði vitna vitnisins E, ekki fallist á það með ákærða Þóri að háttsemin geti talist fela í sér viðbrögð við ólögmati árás eða að hann hafi mátt ætla að slík árás væri yfirvofandi. Með vísan til framangreinds, framburðar ákærða sjálfs, brotþola og annarra vitna þykir þannig sannað að ákærði Þórir hafi í þessum hluta málsins gerst sekur um líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Á hinn bóginn hefur ákæruvaldinu ekki tekist sönnun um það að ákærði Þórir hafi, síðar um kvöldið, veist aftur að brotþola A, tekið hana hálstaki og skellt henni í gólfið svo sem byggt er á í ákærunni 23. janúar 2025. Brotþolinn bar um það að árásin hefði átt sér stað á dansgólfi félagsheimilisins á meðan skemmtanahaldi stóð en þrátt fyrir það nýtur ekki við annarra gagna, þ.m.t. framburðar annarra vitna fyrir dómi en

vitnisins D, bróður brotþola, um atvikið. Var sá framburður hvorki svo skýr né í nægjanlegu samræmi við skýrslu vitnisins hjá lögreglu til að ákærvaldinu hafi tekist að sanna svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, gegn eindreginni neitun ákærða Þóris, að hann hafi sýnt af sér þessa háttsemi.

Fyrri líkamsárásin sem um er fjallað í ákærinni 27. janúar 205 náðist á myndband úr upptökubúnaði lögreglubifreiðar á vettvangi. Á myndbandsupptökunni, sem spilað var fyrir dómi, sést greinilega þegar ákærði Þórir skallar ákærða Árna Pál og kýlir hann hnefahöggi. Byggir ákærði Þórir á því að háttsemi hans hafi réttlæst af neyðarvarnarsjónarmiðum þar sem hann hafi óttast það að ákærði Árni Páll myndi hrinda eða henda honum niður tröppurnar sem liggja að útidyrhurð félagsheimilisins.

Framburður ákærðu og vitna um aðdragandann að þessu er að meginstefnu á tvo vegu. Annars vegar bera ákærði Þórir og vitnin B, C og E á þá leið að ákærði Árni Páll hafi beitt ákærða Þóri talsverðu harðræði við að vísa honum út af þorablótinu í Þórsveri. Hins vegar er framburður ákærða Árna Páls og vitnisins F á þá leið að sá fyrrnefndi hafi ekki beitt meiri hörku en tilefni var til. Stendur hér orð gegn orði og virðast vitni taka ákveðna afstöðu með öðrum ákærða og gegn hinum. Þá er höfð hliðsjón af afstöðu vitnanna til ákærðu, sbr. 126. gr. laga um meðferð sakamála.

Enda þótt ljóst megi vera að mati dómsins að ákærði Árni Páll hafi beitt aflsmunum til að koma ákærða Þóri út úr félagsheimilinu verður jafnframt að telja sannað að ákærði Þórir streittist mjög á móti því að vera vísað á dyr. Eiga neyðarvarnarsjónarmið almennt ekki við þegar sá sem ber þau fyrir sig á kost á öðrum leiðum til að bregðast við árás. Þá ber að líta til þess að af áðurnefndri myndbandsupptöku að dæma höfðu ákærðu báðir staðnæmst á stigapallinum við útidyr félagsheimilisins þegar ákærði Þórir réðist á ákærða Árna Pál. Ekkert í líkamstjáningu ákærða Árna Páls gaf til kynna að hann væri í þann mund að henda eða hrinda ákærða Þóri niður tröppurnar. Með vísan til framangreinds getur dómurinn ekki lagt til grundvallar að ákærða Þóri hafi tekist sönnun um það að hann hafi verið að verjast ólögmaetri árás eða orðið svo skelfdur eða forviða vegna slíkrar árásar að háttsemi hans réttlætist af sjónarmiðum um neyðarvörn. Með vísan til framangreinds, en jafnframt til annarra gagna málsins, þykir sannað að ákærði Þórir gerðist sekur um líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga gagnvart ákærða Árna Páli.

Loks sést á áðurnefndu myndbandi þegar ákærði Árni Páll fer niður tröppurnar og hleypur eða gengur greiðlega í átt að ákærða Þóri. Lögreglubifreiðinni er ekið af stað

og er myndbandið því óskýrt um það nákvæmlega hvað gerist næst. Á upptökunni sést ákærði Árni Páll sitja ofan á ákærða Þóri þegar lögreglu ber að garði. Hefur ákærði Árni Páll gengist við því að hafa haldið höndum ákærða Þóris en hann neitar því að það hafi hann gert með nægjanlegu afli til að öxl ákærða Þóris geti hafa farið úr lið. Hér er til þess að líta að á upptöku, sem spiluð var fyrir dómi, heyrast ákærði Þórir lýsa atvikum, sem þá eru nýliðin, fyrir lögreglu. Heyrist ákærði Þórir þar segja sig hafa farið úr axlarlið í viðskiptum sínum við ákærða Árna Pál. Er enn fremur að mati dómsins nær útilokað að það hafi getað gerst af völdum þeirra lögreglutaka sem bæði lögreglumenn og ákærði Þórir sjálfur hafa lýst fyrir dómi.

Þá er til þess að horfa að þegar árásin hófst var ákærði Þórir kominn niður tröppurnar að félagsheimilinu en ákærði Árni Páll valdi að veita honum eftirför með fyrrgreindum afleiðingum. Getur háttsemin því ekki talist nauðsynleg til þess að verja ákærða Árna Pál eða aðra fyrir árás af hálfu ákærða Þóris sem hafi verið byrjuð eða yfirvofandi í skilningi 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Þvert á móti verður að telja að hinni ólögsmætu árás ákærða Þóris á ákærða Árna Pál hafi verið lokið á þessum tímapunkti. Með hliðsjón af þessu en jafnframt öðrum gögnum málsins telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði Árni Páll hafi gerst sekur um líkamsárás í garð ákærða Þóris og með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir.

*Ákvörðun refsingar, einkaréttarkröfur, sakarkostnaður o.fl.*

Ákærði Þórir er í málinu sakfelldur fyrir tvær líkamsárásir með skömmu millibili, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Fyrri sakarferill ákærða Þóris hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Þá er ákærði Árni Páll sakfelldur fyrir eina líkamsárás en samkvæmt framlögðu sakavottorði 27. janúar 2025 hefur honum ekki áður verið gerð refsing í sakamáli.

Telur dómurinn fært að horfa til ákvæðis 218. gr. c almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar beggja ákærðu en þar kemur fram að heimilt sé að lækka refsingu eða láta hana falla niður þegar líkamsárás, sem á undir 217. gr. laganna, er unnin í áflogum eða átökum milli þess sem henni veldur og þess sem misgert er við. Sama á við ef sá sem verður fyrir tjóni á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku. Ákvæðið getur þó ekki haft áhrif á ákvörðun refsingar ákærða Þóris vegna þeirrar líkamsárásar sem um er fjallað í ákærunni 23. janúar 2025. Vitnum í málinu ber sem fyrr segir saman um að rifrildi hafi verið á milli ákærða og vitnisins B annars vegar en hins vegar brotapolans A og frænku hennar umrætt kvöld. Benda fyrirbyggjandi gögn þó ekki til þess að mati

dómsins að brotþoli hafi með háttsemi sinni átt upptök að átökum í skilningi 218. gr. c almennra hegningarlaga. Loks er horft til þess að um þrjú ár eru liðin frá því að atvik málsins áttu sér stað og verður ekki séð að ákærðu verði um það kennt.

Að framangreindu virtu en jafnframt með hliðsjón af dómvenju og 1., 2., 3., 6. og 7. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Þóris hæfilega ákveðin 90 daga fangelsisrefsing en refsing ákærða Árna Páls 60 daga fangelsisrefsing. Í báðum tilvikum skal fresta fullnustu refsingar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu krefst brotþoli A miskabóta úr hendi ákærða Þóris á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 600.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta. Þá krefst hún málskostnaðar að álitum vegna vinnu lögmans. Ákærði Þórir hefur verið sakfelldur fyrir líkamsárás gagnvart brotþola A og hefur þannig með ólögmætri og saknæmri háttsemi valdið brotþola miskatjóni. Þykir hæfilegt að ákærði Þórir greiði brotþola 250.000 krónur í miskabætur með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði en bótakrafan var kynnt ákærða ásamt fyrirfalli 14. apríl 2025. Þá greiði ákærði brotþola 300.000 krónur í málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Ákærði Þórir krefst skaða- og miskabóta úr hendi ákærða Árna Páls að fjárhæð 3.138.950 krónur auk vaxta og dráttarvaxta. Höfuðstól þeirrar kröfu sundurliðar ákærði Þórir með eftirfarandi hætti:

1. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	2.500.000 krónur
2. Þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga í 91 dag	232.050 krónur
3. Bætur vegna sjúkrakostnaðar	179.620 krónur
4. Bætur vegna tekjutaps	227.280 krónur

Þá er þess krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda ákærða Árna Páls vegna varanlegs miska og varanlegrar örorku ákærða Þóris. Þessu til viðbótar er krafist málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðar-reikningi að viðbættum virðisaukaskatti.

Við mat á fjárhæð miskabóta er höfð hliðsjón af afleiðingum líkamsárásarinnar en líkt og að framan greinir varð ákærði Þórir fyrir liðhlaupi í öxl. Hefur ákærði Árni Páll þannig valdið honum miskatjóni með saknæmri og ólögmætri háttsemi og þykir fjárhæð

bóta á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hæfilega ákveðin 450.000 krónur. Í málinu liggja fyrir reikningar vegna útlagðs kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar sem sýnt þykir að hafi beinst að öxl ákærða Þóris með það að markmiði að hann nái fyrri hreyfigetu og styrk. Verður ákærði Árne Páll látinn bera þann kostnað, sbr. 1. gr. skaðabótalaga, alls 113.546 krónur. Þá fellur hér einnig undir kostnaður vegna aðstoðar sjúkrabíls, komu á Sjúkrahúsið á Akureyri og vottorðs, alls 37.511 krónur.

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna getur dómurinn hins vegar engu slegið föstu um varanlegan miska eða varanlega örorku ákærða Þóris. Þá er að mati dómsins ekki sýnt fram á að ætlað tekjutap ákærða Þóris í kjölfar þorrablótsins verði eingöngu rakið til líkamsárásar af hendi ákærða Árna Páls enda liggur fyrir að ákærði Þórir varð fyrir a.m.k. einni annarri líkamsárás þessa nótt og hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir tvær slíkar sjálfur. Sömu sjónarmið eiga við um útlagðan kostnað ákærða Þóris vegna aðstoðar sálfræðings og umkrafðar þjáningabætur samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga. Þar sem ekki hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir þessum kröfuliðum verður þeim vísað frá dómi.

Með vísan til alls framangreinds verður ákærði Árne Páll dæmdur til að greiða ákærða Þóri 601.057 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum eins og í dómsorði greinir en bótakrafan var kynnt ákærða Árna Páli með fyrirkalli 11. apríl 2025. Þá ber ákærða Árna Páli að greiða ákærða Þóri málskostnað fyrir að halda skaðabótakröfunni frammi og fylgja henni eftir fyrir dómi og þykir hann hæfilega ákveðinn 300.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Samkvæmt 2. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála ber ákærðu að greiða sakarkostnað. Ákærði Þórir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin að teknu tilliti til virðisaukaskatts líkt og í dómsorði greinir. Ákærði Árne Páll greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið mið af atvikum og umfangi málsins auk þess sem höfð hefur verið hliðsjón af tímaskýrslum verjendanna. Ekki féll til annar sakarkostnaður vegna meðferðar ákærumálanna tveggja fyrir dómi samkvæmt sakarkostnaðaryfirlitum ákæruvalds sem bárust dómstólnum 28. janúar 2025.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Halldór Tumi Ólason saksóknarfulltrúi.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála. Dómara var falið málið til afgreiðslu með bréfi

dómstólasýslunnar 18. júní 2025 en hafði fram til þess tíma engin afskipti af meðferð þess.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Þórir Steinsson, sæti fangelsi í 90 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Þórir greiði A, kt. [...] 250.000 krónur í miskabætur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 29. janúar 2023 til 14. maí 2025 og dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk 300.000 króna í málskostnað.

Ákærði Þórir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns, 1.272.240 krónur.

Ákærði, Árni Páll Jóhannesson, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Árni Páll greiði ákærða Þóri 450.000 krónur í miskabætur og bætur vegna útlagðs sjúkrakostnaðar að fjárhæð 151.057 krónur, samtals 601.057 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 29. janúar 2023 til 11. maí 2025 og dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk 300.000 króna í málskostnað. Einkaréttarkröfu ákærða Þóris á hendur ákærða Árna Páli er að öðru leyti vísað frá dómi.

Ákærði Árni Páll greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar lögmanns, 1.088.100 krónur.